


Íslenzkur kvenfatnaður kynntur erlendis 10 fyrirtæki taka þátt í vörusýningu



Lopapeysur frá Peysunni.

TÍU íslenzkir fataframleiðendur munu nú í fyrsta sinn taka þátt í kaupstefnunni Fashion Week í Bella Centret í Kaupmannahöfn, sem þar verður haldin í marzmánuði nk. Samkeppnisaðstaða þessara iðngreinar hérlandis hefur nú batnað verulega, og því hafa forstöðumenn fyrirtækja á þessu sviði mikinn hug á því að reyna að vinna vörum sínum markaði erlendis. Kaupstefnan í Kaupmannahöfn er liður í þessari tilraun.

Morgunblaðið ræddi við forstöðumenn þessara tíu fyrirtækja, og fékk hjá þeim upplýsingar um vörur þær, sem fyrirtækin ætla að kynna á þessari norrænu tízkuviku. Fyrirtækin eru: Ullarverk-

smiðjurnar, Hekla og Iðunn, Álafoss, þrjónastofa Önnu Þórðardóttur, Margrét Árnadóttir, Peysan, Belgjagerðin, verksmiðjan Dúkur, Barnafatagerðin og Model Magasin. Hér á eftir fara viðtöl við forstöðumenn þessara fyrirtækja:

GÆRUÚLPUR OG LEÐURJAKKAR

Fyrst lögðum við leið okkar í Belgjagerðina, þar sem við hittum að máli Árna Jónsson, fulltrúa. Við spurðum hann hvaða vörur Belgjagerðin hyggðist sýna á þessari kaupstefnu.

— Við leggjum höfuðáherzlu á að sýna þarna í Kaupmannahöfn vörur, sem

unnar eru að mestu leyti úr íslenzku hráefni.

— Hvaða vörur eru það helzt?

— Fyrst og fremst eru það gæruskinnsúlpur, bæði fyrir karla og konur, þá leðurjakkar úr íslenzku skinni og loks kerrupokar. Allt eru þetta vörur, sem við erum búnir að vera með í framleiðslu milli 20 og 30 ár, og gæruúlpurnar höfum við flutt út í nokkur ár.

— Er þetta í fyrsta skipti, sem Belgjagerðin sýnir vörur sínar á erlendri kaupstefnu?

— Nei, tvívegis áður höfum við kynnt framleiðslu okkar erlendis. Fyrir nokkrum árum sýndum við á kaupstefnu í Brüssel, og á síðasta ári tókum við þátt í norrænni viku í Leipzig, sem fór svipað fram og ítalska vikan hér í fyrra —



Kvendragt frá verksmiðjunni Dúk.

þar sem framleiðsla ýmissa fyrirtækja var sýnd í búðar-gluggum.

— Hefur þú trú á, Árne, að það hafi raunhæfa þýðingu fyrir íslenska iðnrekendur að taka þátt í slíkum kaupstefnum erlendis?

— Já, tvímælaust. Okkar álit er, að við náum aldrei utanlandsviðskiptum nema með mikilli kynningarstarfsemi á framleiðslu íslenzks iðnaðar. Þó hef ég ekki trú á, að okkur takist að vinna okkur sess á erlendum mörkuðum nema með vörur úr íslenzku hráefni, eins og ull og skinni.

PEYSUR Í SAUÐALITUNUM

Þrjónastofan Peysan hefur verið starfrækt í 27 ár. Forstöðukona hennar er Soffía Vilhjálmisdóttir, og fengum við hana til að segja frá þeim vörum, er Peysan ætlar að sýna.

— Eins og nafn fyrirtækisins bendir til erum við nær eingöngu í peysuframleiðslu,



Sölumaður frá Belgjagerðinni meðgæruúlpu og kerrupoka.

og peysur eru það sem við munum sýna á norrænu tízkuvikunni. Það verða væntanlega tvær til þrjár gerðir í íslenzku sauðalitunum.

— Hefur Peysan áður átt vörur á kaupstefnum erlendis?

— Nei, við höfum ekki sýnt áður erlendis. Á hinn bóginn höfum við nýlega byrjað á því að selja smávegis til útlanda — Bandaríkjanna og Danmerkur, en það er svo ný til komið, að varla getur heitið að farnar séu út nema þrjár.

PEYSUR ÚR ERLENDU HRÁEFNI

Þessu næst hittum við að máli Hörð Sveinsson, sem rekur þrjónastofu Önnu Þórðardóttur.

— Fyrst og fremst verða það peysur, sem við ætlum að sýna þarna í Kaupmannahöfn — sennilega 3—4 tegundir. Þær eru unnar úr akrilþræði, en framleiðslan ber nafnið Odelon. Við höfum ekki farið út í framleiðslu á íslenzkri ull.

— Hafið þið ekki sýnt vörur erlendis áður?

— Nei, við höfum aldrei kynnt vörur okkar erlendis fyrr en nú enda þótt fyrirtækið eigi bráðum 30 ára reynslu að baki á þessu sviði. Þetta er því á algjöru byrjunarstigi hjá okkur, en ég er sannfærður um, að hægt er að framleiða hér fyrir útlendan markað úr erlendum hráefnum. Mestu máli skiptir hvernig til tekst með módelið, — hvort varan nær sölu eða ekki.

— En verðið þið með fleira á boðstólum en peysur?

— Já, ég geri ráð fyrir, að við verðum þarna einnig með skjólkraga á kápum úr íslenzkri gæru. Þessi skjólkragi er árangur af samkeppni, er

efndi til hér meðal tízkuteiknara. Við erum nú rétt um það bil að hefja framleiðslu á þeim, og vonum að þeir muni líka vel.

SLÁR Í ÍSLENZKU SAUÐALITUNUM

Margrét Árnadóttir hefur í nokkur ár fengist við að gera flikur úr íslenzkri ull, sem ýmsar minjavöruverzlanið hér hafa haft hér á boðstólum fyrir ferðamenn. Á kaupstefnunni í Danmörku mun hún sýna slá í íslenzku sauðalitunum sem hún kveðst nýlega hafa hafið framleiðslu á.

— Ef ég man rétt, þá eru um 6—7 ár frá því að ég fór að gera flikur úr íslenzkri ull að ráði, og ég hef haft alveg sérstaka ánægju af því að skapa úr íslenzku sauðalitunum. Ég fór smátt af stað, en nú hef ég um 20 konur sem vinna við þetta, tjáði Margrét okkur.



Peysa úr akril-þræði frá Jrjó Félag íslenzkra iðnrekendanastofu Önnu Þórðardóttur.



Margrét Árnadóttir með slá í íslenzku sauðalitunum.



Barnafatagerðin hefur látið gera þessa skemmtilegu flik úr Álafossfni fyrir sýninguna. Eva Vilhjálmsdóttir teiknaði.

— Hefur þú kynnt þessar slár erlendis áður?

— Nei, ekki slárnar, en hins vegar sýndi ég peysur á kaupstefnu í Frankfurt fyrir nokkrum árum. Slárnar eru eiginlega ný til komnar. Ég fékk hugmyndina að þeim í ágúst sl., byrjaði þá strax framleiðslu á þeim, og tókst að selja nokkur hundruð stykki af þeim fyrir áramót hjá minjavöruverzlunum. — Sniðið er algjörlega mín hugmynd en ekki fengin að láni erlendis frá, en munstrin fékk ég hjá Ásgerði Búadóttur. Slárnar eru því íslensk framleiðsla að öllu leyti.

— Hafið þér reynt áður að koma þessum slám inn á erlendan markað?

— Ekki get ég sagt það. Eins og ég gat um áðan hef ég aðallega selt þær ferðamönnum í gegnum minjavöruverzlunirnar hér. Í október var svo Bandaríkjamadurinn Holton hér á ferð, og sýndi ég honum þá þessar slár. Hann varð strax mjög hrifinn og gerði pöntun á nokkur hundruð stykkjum, sem hann hyggst selja í Bandaríkjunum. Þá hef ég líka fengið tilboð frá þýzkum aðila, sem vill fá einkaleyfi á framleiðslunni í Þýskalandi. Ég tel mig því geta verið

bærilega ánægða með byrjunina.

DÚKUR SÝNIR KVENFATNAÐ

Þessu næst hittum við að máli Bjarna Björnsson, forstjóra verksmiðjunnar Dúks, og fengum hjá honum upplýsingar um fatnað þann, sem verksmiðjan hyggst sýna á norrænu tízkuvikunni.

— Við sýnum þarna eingöngu kvenfatnað, pils, buxur og buxnadragtir. Efnið er ullar- og terilinblöndur. Við leggjum sérstaka áherslu á að kynna efnið coratron, en það þarf ekki að straua. Byggjum við helzt vonir okkar við að geta selt erlendis á grundvelli þess, þar sem það er nýjung, sem við vorum mjög fljótir að taka upp á arma okkar, enda þótt það sé ekki með öllu óþekkt á hinum Norðurlöndunum.

— Hefur Dúkur áður sýnt vörur sínar erlendis?

— Nei, við höfum ekki áður kynnt okkar framleiðslu á sýningu sem þessari, en hins vegar höfum við síðustu mánuði verið að kanna möguleika á sölu erlendis. Það er þó enn á algjöru byrjunarstigi.

— Teljið þið ykkur samkeppnisfæra miðað við önnur

ur norræn fyrirtæki á þessu sviði?

— Já, í verði eigum við að vera það. En á hinn bóginn er það algjörlega á huldu hverjar undirtektir varan sjálf fær erlendis, og úr því fæst ekki skorið nema á þennan hátt. Við skoðum þetta þar af leiðandi fyrst og fremst sem tilraun, og við erum reiðubúnir að setta okkur við úrslitin, hver sem þau verða.

MIKIL SÖLUÁUKNING Á HEKLUPEYSUM

Prjónaverksmiðjan Hekla verður aðili að íslenzku deildinni á sýningunni, og sýnir íslenskar ullarpeysur, sem prjónaðar eru í verksmiðjunni. Á þessari sýningu höfum við aðeins kvenpeysur, á fullorðna og telpur, þar sem þarna er um að ræða kvenfatasyningu sagði Jón Arnþórsson, sölustjóri SÍS, er Mbl. leitaði fréttu hjá honum.

Heklupeysurnar á sýningunni eru bæði í sauðalitum og úr lituðu garni og með nýjustu mynstrunum, sem verksmiðjan hefur. Þarna er ekki um hin hefðbundnu „lopamynstur“ að ræða, en ný mynstur eru unnin á staðnum, oft af verksmiðjustjóranum, og sett þar inn á gatakort prjónavélanna. Þessar ákveðnu peysur eru fyrst sýndar á kvenfatasyningunni, en eru svipaðar þeim, sem nú eru seldar frá Heklu víða um heim, í Rússlandi, Bandaríkjunum, á Norðurlöndum. Þær fara alla leið til Jóhannesarborgar í Suður-Afríku, sagði Jón, og í undirbúningi er stór pöntun til Nígeríu.

Peysuframleiðslan fyrir erlendan markað hefur aukist geysilega. Árið 1968 flutti Hekla út 68 þúsund peysur. En nú hafa verið gerðir samningar um sölu á 140 þúsund peysum til Rússlands, fyrir utan sölu til annarra landa.

Við spurðum Jón, hver ástæðan væri, hvort gengisfellingin ætti mikinn þátt í þessu. Hann sagði, að eftirspurn væri vaxandi og auk þess hefði meiri áhersla verið lögð á það af okkur sjálfum að selja. Íslenska ullin væri viðurkennd að vera sérstök, og ullareiginleikar hennar nýttist mjög vel í ákveðnum vöruflokkum, eins og peysum, teppum og tweed-efnum og því væri viðfangsefni að nýta hana í landinu sjálfu og auka markaðsmöguleika fyrir hana. Og gengisfellingin hefði svo að auk hjálpað framleiðendum til að standa sig við sölu á erlendum mörkuðum.

Jón sagði okkur að í eina Heklupeysu færi um kíló af ull, þannig að það er nokkuð mikið magn af ull, sem breytist úr hráefni í fullunna vöru.

HANDUNNAR LOPAPEYSUR Á EVRÓPUMARKAÐ

Álafoss sendir handprjónaðar lopapeysur á sýninguna. Það eru samskonar peysur úr íslenzkum lopa og í sauðalitum, sem þeir senda nú þegar víða út um heim. Ásbjörn Sigurjónsson, sölustjóri, í Álafossi sagði Mbl. að konur handprjónuðu þessar peysur heima og væru 314 prjónakonur á skrá hjá Álafossi núna. Hver kona hefur sitt mynstur og prjónað er úr sauðalitunum.

Álafoss selur aðallega lopa á erlendum mörkuðum, en ætlar nú að bjóða handprjónaðar peysur í stórum stíl á Evrópumarkað. Sala á tilbúnum peysum er aðeins byrjuð til Noregs og verið er að senda smásendingu til Svíþjóðar um þessar mundir. Eins sagði Ásbjörn að undirtektir væru mjög góðar í Frakklandi.



Model Magasín ætlar m.a. að sýna þessa skemmtilegu flik úr gæru á norrænu fatasyningunni.

Eftir gengisbreytinguna breyttist viðhorfið varðandi verð á íslenzkri framleiðslu og ættu handprjónuðu peysurnar nú að vera samkeppnishæfar hvað verð snertir, sagði Ásbjörn.

Ásbjörn var að koma heim úr viðskiptaferð til Evrópu, er við áttum tal við hann. Sagði hann að svolíttillir tregðu hefði gætt í haust varðandi útflutning á lopa á Evrópumarkað. Það stafaði af almenntri tregðu í verzlun með handavinnuvörur um þessar mundir í Norður-Evrópu. Fólk, bæði karlar og konur, virðist líka vera farið að kaupa þrengri fatnað en verið hefur því tízkulínan er meira innsniðin. Áftur á móti væri íslenska ullin svo sérstök vara, að hún vekti alls staðar athygli.

Ásbjörn sagði að þetta væri í fyrsta skipti sem Álafoss væri á slíkrí vörusýningu, og væri það gert til að bjóða handunnar peysur á Evrópumarkaði.

TILRAUNIR MEÐ TÁNINGAFATNAÐ

Fyrirtækið Model Magasín framleiðir tåningafatnað, sem Jón Þórisson segir okkur að

hafi selzt vel hér og nú ætlar hann að hefja kynningu á honum erlendis með því að taka þátt í kvenfatasyningunni. Hann leggur höfuðáherslu á að nota íslenskt hráefni og snið, sem hér eru unnin, en hyggst bjóða hugsanlegum kaupendum sömu vörur unnar úr erlendum efnum, ef óskað er. Er þetta fyrsta tilraun fyrirtækisins til að komast inn á erlendan markað.

Model Magasín byrjaði fyrir nokkrum árum að framleiða fót á pílta og þá gjarnan tåninga. En nú kvaðst Jón hafa alveg snúið sér að kvenfatnaði og þá tåningafötum. Hann segir, að ungu stúlkurnar spyrji ekkert um það hvort fótin séu íslensk eða úr íslenskum efnum. Þeim sé alveg sama hvaðan hlutirnir koma, ef flikin er bara falleg, vel unnin og samkvæmt tízkunni. Unglingarnir hafi svo sjálfstæðan smekk nú á dögum, að þeir treysti á hann einan. Stúlkurnar, sem koma inn í búðina, viti hvað þær vilja, þekkja tízkuna og láta það eitt ráða. Svo er bara að vita hvað unglingarnir vilja

Framhald á bls. 19



Álafoss hyggst nú bjóða handprjónaðar lopapeysur í sauðalitum á Evrópumarkaði og sýnir m.a. þessar í Kaupmannahöfn.



Heklupeysur frá Akureyri eru þegar fluttar mikið út. Peysur með nýjum og eldri mynstrum verða á sýningunni.